



Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík.

12. janúar 2008.

**Efni: Frummatsskýrsla Vegagerðarinnar um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs nýs Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng. Athugasemdir stjórnar Veiðifélags Norðfjarðarár.**

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum og umsögnum um frummatsskýrslu Vegagerðarinnar um mat á umhverfisáhrifum nýs Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng, en frummatsskýrslan er dagsett í nóvember 2008.

Eins og fram kemur í frummatsskýrslunni þá er Norðfjarðará “mjög gjöful bleikjuveiðiá og er hún með þeim aflahæstu á Austfjörðum og stundum landinu öllu. Einnig er nokkur laxveiði í henni.” Áin hefur um áratuga skeið notið mikilla vinsælda sem veiðiá. Þar er stunduð stangveiði þar sem veidd er sjógengin bleikja og lax. Samfara vaxandi áhuga almennings á útivist í óspilltri náttúru hefur áin og nágrenni hennar orðið sívinsælli hjá stangveiðimönnum og öðru útivistarfólki.

Af frummatsskýrslunni má ráða að fyrirhugaður Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng er ein umfangsmesta vegaframkvæmd sem ráðist hefur verið í hér á landi. Þessi framkvæmd getur sett lífríki Norðfjarðará í stórkostlega hættu. Hættan á umhverfistjóni og jafnvel umhverfisslysi verður sérlega mikil á meðan á framkvæmdum stendur, en jafnframt er ljóst að mannvirkin sem þarna verða byggð og umferðin um þau geta haft mikil og varanleg neikvæð framtíðaráhrif á ána, umhverfi hennar og lífríki.

**Stjórn Veiðifélags Norðfjarðará lýsir því yfir að hún hefur verulegar áhyggjur af að Norðfjarðará skaðist varanlega við þessa miklu framkvæmd.**

Stjórnin vill leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Að samráð verði haft við veiðifélagið um hvernig staðið verður að framkvæmdum við gerð nýs Norðfjarðarvegur og Norðfjarðarganga. Verði breytingar á framkvæmdaáætlunum á framkvæmdatíma verði Veiðifélagið upplýst um þæt breytingar og gefinn kostur á aðgera athugasemdir við þær breytingar
- Að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á áhrifum framkvæmdanna á Norðfjarðará og að ekki verði veitt leyfi til framkvæmda fyrr en sú úttekt liggur fyrir, enda leiði hún í ljós að lífríki árinna stafi ekki hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum.


## Fylgiskjal 18


- Að leið 1A verði valin umfram leið 1B. Þar með yrði fjarlægð vegar frá árbakka innan við 100 metrar á 1060 metra vegarkafla í stað 1380 metra vegarkafla.
- Að leitað verði leiða til þess að lágmarka eins og kostur er áformað malarnám á áreyrum Norðfjarðarár. Ekki verði opnaðar nýjar malarnámur á áreyrunum.
- Ekki verði farið í malarnám í sjálfum árfarveginum.
- Að fyrirhuguðum vinnubúðum, sem áformað er að reisa á áreyrunum bæði utan og innan Naumamels, verði fundinn annar staður fjær ánni.
- Að fyrirhuguðu efnisvinnslu og athafnarsvæði, sem áformað er að starfrækja á áreyrunum við Naumamel, verði fundinn annar staður fjær ánni.
- Ef nauðsynlegt reynist að byggja nýja brú yfir Norðfjarðará, þá verði þeirri brú þannig fyrir komið að það raski ekki árfarveginum við brúna eða í nágrenni hennar.
- Að gripið verði til allra tiltækra ráða til þess að koma í veg fyrir að óhöpp geti orðið við framkvæmdina, t.d. óhöpp við meðferð á olíu og kemiskum efnum.
- Gripið verði til allra tiltækra ráða til þess að koma í veg fyrir að áin geti skaðast af vatni sem búast má við að komi úr fyrirhuguðum jarðgöngum. Ráðstafanir verði gerðar til þess að mengað vatn (olíumengað eð mengað kemiskum efnum) komist ekki í ána. Ennfremur verði gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að vatn sem gruggast við framkvæmdirnar komist í ána.

Virðingarfyllst,

Stjórn Veiðifélags Norðfjarðarár,

  
Hákon Björnsson

  
Þorður Júlíusson

  
Þorfinnur Hermannsson